

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands Íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

85. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 24. ágúst 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 8:30
Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Heimild starfsmanns með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla til að velja menntunarákvæði í því tilvikum sem hann hefur aldrei starfað sem grunnskólakennari fyrir 1. ágúst 2018.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að starfsmenn sem hafa leyfisbréf til kennslu í grunnskóla en hafa ekki starfað sem grunnskólakennarar fyrir 1. ágúst 2018 fái rétt til að velja hvort þeir fá viðbótarmenntun sína metna sbr. greinar 1.3.2.1 persónuálag vegna viðbótarmenntunar eða grein 1.3.2.2 viðbótarlaunaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa.

Starfsmaður skal skila valblaði eins og við kann að eiga ásamt viðeigandi gögnum sem sína fram á hvaða grunn- og viðbótarmenntun hefur verið lokið ásamt staðfestu yfirliti yfir loknar ECTS einingar.

2. Viðbrögð við hugsanlegum mistökum kennara við val á menntunarkafla.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að í þeim tilfellum sem starfsmanni hefur orðið á þau mistök að velja menntunarákvæði sem gefur honum lakari ávinning til launa hafi hann rétt til að velja að nýju.

Starfsmaðurinn ber sjálfur ábyrgð á því að tilkynna til launadeildar að hann hafi gert mistök við val og skal hann jafnframt óska formlega eftir leiðréttingu. Eftir 15. september 2018 eru leiðrétting af þessari ástæðu gerð frá næstu mánaðarmótum eftir að starfsmaður hefur upplýst um að mistök hafi verið gerð og valbaði þar sem gerð er grein fyrir nýju vali ásamt fullnægjandi gögnum vegna þess hefur verið skilað. Ekki er um afturvirkar leiðréttingar að ræða í slíkum tilvikum heldur tekur nýtt val gildi frá næstu mánaðarmótum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45